

Reykjavík,
11. nóvember 2024

TILLAGA

Um skilvirkara bókunarkerfi á stofum Háskóla Íslands

Undirrituð leggur til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að gera bókunarkerfi á stofum Háskóla Íslands skilvirkara.

RÖKSTUÐNINGUR

Margir nemendur háskólans nýta sér stofur til þess að sinna námi, félagsstörfum eða öðrum fundarhöldum og gott aðgengi að þessum rýmum er nauðsynlegt.

Stúdentar er almennt mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag en bókunarferlið reynist mörgum erfitt. Sérstaklega á álagstímum þar sem svör við bókunum berast oft of seint. Dæmi er um nemendafélag sem þurfti að fresta aðalfundi sínum tvisvar vegna seinlegra svara. Skilvirkara kerfi ætti að minnka álag á starfsmenn háskólans og um leið auðvelda nemendum að sinna námi sínu og félagslífi.

Ragnheiður Geirsdóttir
Stúdentaráðsliði fyrir Vöku og sviðsráðsforseti Félagsvísindasviðs